STÆRÐFRÆÐI

Stærðfræði 2. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir 2

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Helstu námsþættir vetrarins eru tölur og talnaskilningur, samlagning og frádráttur, rúmfræði, tölfræði, mælingar og tími. Í upphafi hverrar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með viðfangsefni á fjölbreyttan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleiðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn - Sproti 2a.

Ágúst - október : unnið með tölur 0 -20. Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.

Október - nóvember : tölfræði, lengdarmælingar og tölur upp í 100.

Nóvember - desember: samlagning, frádrátttur og tími.

Vorönn - Sproti 2b

Janúar - mars : samhverfa, að tvöfalda og helminga, sléttar tölur og oddatölur.

Mars : reikningur með tölum upp í 100.

Apríl : flatarmál og reikningur.

Maí : marghyrningar og hringir, rúmfræðiform.

Námsaðlögun

Námið er aðlagað að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Eftir hvert viðfangsefni taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður eru sendar heim í ferilmöppu. Brottfararspjöld eru einnig nýtt til að kanna stöðu nemenda.

Námsgögn

Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingabók. Húrrahefti fyrir 2. bekk. Stærðfræðispæjarar. Gagnvirkir vefir, smáforrit og efni frá kennara. Námsefni af vef 123skoli.is, utfyrirbokina.is, fjolbreyttkennsla.is o.fl.